

Nefndarálit með breytingartillögu

um tillögu til þingsályktunar um stuðning Íslands við að koma á alþjóðlegu banni við framleiðslu og beitingu sjálfvirkra og sjálfstýrðra vígvéla.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Hörð Helga Helgason frá Amnesty International, Margréti Steinarsdóttur frá Mannréttindaskrifstofu Íslands, Eygló Jónsdóttur frá SGI – Soka Gakkai International, Hannes Högn Vilhjálmsson frá Gervigreindarsetri Háskólans í Reykjavík, Kristinn R. Þórisson frá Vitvélastofnun Íslands ses. og Kristján Andra Stefánsson og Pétur Thorsteinsson frá utanríkisráðuneyti.

Umsagnir bárust frá Amnesty International, Mannréttindaskrifstofu Íslands, SGI – Soka Gakkai International, Gervigreindarsetri Háskólans í Reykjavík og Vitvélastofnun Íslands ses.

Með tillögunni er lagt til að Ísland lýsi yfir stuðningi við áform um að koma á alþjóðlegu banni við framleiðslu og beitingu sjálfvirkra og sjálfstýrðra vígvéla og að ríkisstjórninni verði falið að vinna að framgangi þess á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og annars staðar þar sem við á.

Fyrir nefndinni kom fram að þau áform sem vísað er til í tillögutextanum séu enn sem komið er eingöngu til umræðu meðal fræðimanna og vísindamanna en ekki sé um að ræða yfirlýsta stefnu alþjóðastofnana eða leiðtoga að koma á alþjóðlegu banni við framleiðslu og beitingu sjálfvirkra og sjálfstýrðra vígvéla. Nefndinni voru þó einnig kynntar upplýsingar um að þing Evrópuráðsins hefði ályktað um notkun dróna og markviss dráp og þörfina á því að virða mannréttindi og alþjóðalög, ályktun 2051. Þar kallar þingið m.a. eftir því að aðildar- og áheyrnarríki Evrópuráðsins setji skýrar opinberar verklagsreglur um notkun dróna, rannsaki að fullu öll dauðsföll af völdum vopnaðra dróna og geri niðurstöður opinberar, sæki til saka þá sem eru ábyrgir fyrir hvers konar óáðum og bæti fórnarlömbum eða fjölskyldum þeirra skaðann. Nefndinni var einnig kynnt að á vegum Sameinuðu þjóðanna hafa málefni sjálfvirkra og sjálfstýrðra vígvéla (e. LAWS – Lethal Autonomous Weapons Systems) verið rædd, nú síðast var fundur um málið í Genf í apríl sl. Ljóst er því að þetta málefni hefur verið til umræðu á margvíslegum alþjóðlegum vettvangi. Nefndin fékk þær upplýsingar að íslensk stjórnvöld hefðu til þessa ekki tekið þátt í umræðu um þessar gerðir vígvéla hjá Sameinuðu þjóðunum og telur hún brýnt að svo verði og Ísland beiti sér með virkum hætti í þessu mikilvæga máli.

Í ljósi þess að viðræður um alþjóðlegt bann við beitingu og framleiðslu sjálfvirkra og sjálfstýrðra vígvéla eru ekki lengra á veg komnar en raun ber vitni telur nefndin að ekki sé tímabært að svo stöddu að taka meira afgerandi afstöðu til málsins en kveðið er á um í tillögunni. Brýnt er þó að afstaða Alþingis sé skýr og að Ísland taki virkan þátt í umræðunni um þá ógn sem felst í því að véllum sé beitt án mannglegrar aðkomu til markvissra drápa. Leggur nefndin því til þá breytingu á tillögunni að Alþingi lýsi yfir stuðningi við áform og viðræður um alþjóðlegt bann við framleiðslu og beitingu sjálfvirkra og sjálfstýrðra vígvéla og að

ríkisstjórninni verði falið að fylgjast með þróun mála á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og annars staðar þar sem það á við.

Nefndin leggur til að málið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að lýsa stuðningi við áform og viðræður um alþjóðlegt bann við framleiðslu og beitingu sjálfvirkra og sjálfstýrðra vígvéla og felur ríkisstjórninni að fylgjast með þróun þessara mála á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og annars staðar þar sem það á við.

Silja Dögg Gunnarsdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins en ritar undir álitid samkvæmt heimild í 4. mgr. 18. gr. starfsreglna fyrir fastanefndir Alþingis.

Alþingi, 1. júní 2016.

Hanna Birna Kristjánsdóttir,
form., frsm.

Karl Garðarsson.

Vilhjálmur Bjarnason.

Frosti Sigurjónsson.

Elín Hirst.

Óttarr Proppé.

Silja Dögg Gunnarsdóttir.

Steinunn Þóra Árnadóttir.

Össur Skarphéðinsson.